

Fundur ungmennaráðs Hafnarfjarðar

125.fundur,haldinn í Húsinu

Þriðjudagur 17.október.2017 kl.20:16

Fundinn sátu: Eva Rut,Bjarki Steinar, Hekla Ýr, Hulda Rún og Ísold.

Afboðuðu sig: Áslaug María og Birta Guðný.

Fundastjóri: Eva Rut og Bjarki Steinar.

Ritari: Eva Rut og Bjarki Steinar.

1. Fundarstjóri næsta fundar: Samþykkt að Áslaug verði fundarstjóri næsta fundur.
2. Samþykkt var að ef fundarstjóri forfallast tekur Bjarki Steinar við.

Samið bréf varðandi Kragann sem sent verður á önnur ungmennaráð í suðvestur kjördæmi.

- hugmynd um að stofna nefnd sem sér um Kragann.

Bréfið:

Kæru ungmennaráð,

Við í ungmennaráði Hafnarfjarðar höfum undarfarið verið að vinna að tilögu sem kom fram á ungmennáþingi sem var haldið hér í Hafnarfirði árið 2016. Tillagan fjallaði um að það vantaði keppni sem snýr að listrænum hæfileikum sbr. Skrekk.

Okkar hugmynd var að halda sambærilegan viðburð fyrir öll þau sveitafélög sem tilheyra Suðvesturkjördæmi.

Nú er spurning hvort áhugi sé fyrir samskonar keppni. Hugmyndin væri þá að útbúa nefnd þar sem 2-3 fulltrúar úr hverju sveitarfélagi koma saman og

undirbúa keppnina. Vert er að taka fram að Skrifstofa Æskulýðsmála í Hafnarfirði er tilbúin að hjálpa til við keppnina sem hefur fengið vinnsluheimildir Kraginn.

*Með von um góð svör,
Ungmennaráð Hafnarfjarðar*

3. Skattstofa keypt:

- Ungmennaráð fagnar því að Hafnarfjarðarbær hafi fjárfest í skattstofunni og vonar að bærinn sjái tækifæri í því að nota húsnæðið undir einhverskonar ungmennastarfssemi. Brýn þörf er á svoleiðis starfssemi, sem líkist þeirri starfssemi sem var í Gamla Bókasafninu, vegna mikillar aukningu á vímuefnaneyslu meðal ungmenna í bænum.

4. Auglýsing varðandi kosningar.

-Búið var til auglýsinga sem hvetur ungt fólk í Hafnarfirði að kjósa í væntanlegum kosningum.

5. Önnur mál:

Umræða var um hringtorgið hjá Kaplakrika og fundinn sem átti sér stað á sama tíma og Ungmennaráðs fundurinn. Ungmennaráðið vill sjá breytingar á þessu svæði þar sem umferðaröryggi á þessum stað er mjög ábótavant og sérstaklega hættulegt ungu fólk.

Rætt var um að fara á ræðunámskeiðið Sýndu hvað í þér býr með Ungmennaráði Kópavogs.

Fundi slitið; 21:10